



HRUNAMANNAHREPPUR

50. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 5. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 8. MAÍ 2014

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 8. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, Evrópsk kvikmyndahátíð á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Leikskólastjóri: Ráðning.
2. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2013: Seinni umræða.
3. Lántaka hjá Lánasjóði Sveitarfélaga.
4. Kvenfélag Hrunamannahrepps: Áskorun.
5. Umhverfisstofnun: Áætlun til þriggja ára um refaveiðar.
6. Umhverfisstofnun: Áætlunarform sveitarfélaga vegna refaveiða.
7. Unglingadeildin Vindur: Landshlutamót unglingsdeilda.
8. Samband íslenskra sveitarfélaga: Framtíðarfyrirkomulag alþjónustu um tengingu við almenna fjarskiptanetið.
9. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016.
10. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um örnefni.
11. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um eflingu tónlistarnáms (nám óháð búsetu).
12. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um ríkisendurskoðanda og ríkisendurskoðun.
13. Árskýrsla Bókasafns Hrunamanna 2013.
14. SASS: Hjólreiðamennska á Suðurlandi.
15. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni vegna veitingaleyfis í Golfskálanum Snússu.
16. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni vegna rekstur gististaðar í Móum 1, Ásatúni.
17. Skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga.
18. Sveitarstjórnarkosningar: Kjörstaður.
19. Íbúafundur

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Umhverfisnefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar frá 23. apríl s.l.
21. Skólanefnd: Fundargerð 25. fundar vegna Undralands frá 29. apríl s.l.
22. Skólanefnd: Fundargerð 28. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. apríl s.l.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.:

23. Fundargerð samráðshóps Matarsmiðjunnar frá 11. apríl s.l.
24. Fundargerð 71. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 30. apríl s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. mars s.l.
Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 13: Ásgarður Kerlingafjöllum. Deiliskipulagsbreyting.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 478. fundar stjórnar frá 24. mars s.l.
- b. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 6. fundar fagráðs frá 8. apríl s.l.
- c. Almannavarnir Árnessýslu: Fundargerð 8. fundar fagráðs frá 8. apríl s.l.
- d. Fundargerð vorfundar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 2. apríl s.l.
- e. Héraðsnefnd Árneseinga b.s: Fundargerð vorfundar 11. apríl s.l.

Kynningarmál:

- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Átak til nauðsynlegra framkvæmda á ferðamannastöðum.
- g. Veiðimálastofnun: Lífríkisrannsókn í Stóru-Laxá.
- h. Héraðssambandið Skarphéðinn: Samþykktir héraðspings.
- i. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Uppgjör og áætlun.
- j. Ungmennafélag Hrunamanna: Ársreikningur 2013.
- k. Minjastofnun Íslands: Deiliskipulag miðsvæðis.
- l. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Kerlingarfjallavinir.
- m. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Hrunamannahreppur og landeigendur að Jaðri I.
- n. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Hrunaréttir.
- o. Skipulagsstofnun: Skráning skipulagsfulltrúa 2014.
- p. Garðyrkufélag Íslands: Ályktun aðalfundar.
- q. Minjastofnun Íslands: Friðlýsing sumarhúss Einars Jónssonar að Galtafelli.
- r. Ungt fólk og lýðræði: Ályktun ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði.
- s. Innanríkisráðuneytið: Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2014.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 815. fundar stjórnar frá 10. apríl s.l.
- u. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 16. stjórnarfundar frá 28.mars s.l.
- v. Orlof húsmæðra: Yfirlit.

Fundir framundan

- w. Ársfundur Umhverfisstofnunar, Grand Hótel 9. maí n.k.
- x. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., Reykjavík 13 maí n.k.
- y. Aðalfundur Reiðhallarinnar á Flúðum ehf, Flúðum, 22. maí n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

- z. Rarik. Ársskýrsla 2013.
- aa. Héraðssambandið Skarphéðinn. Ársskýrsla 2013.
- bb. Límtré Vírnet ehf. Ársreikningur 2013.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Leikskólastjóri: Ráðning.

Unnsteinn Eggertsson víkur sæti undir þessum lið og varamaður hans Þorleifur Jóhannesson tekur sæti hans. Á fundinn mætir Hrafnhildur Karlsdóttir, Teymisstjóri og kennsluráðgjafi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls til að fara yfir rökstuðning valnefndar og svara spurningum. Oddviti fór yfir ferli vegna ráðningar á leikskólastjóra í leikskólanum Undralandi á Flúðum. Tvær umsóknir bárust og hefur 3 manna valnefnd fjallað um þær og skólanefnd Hrunamannahrepps. Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir að ráða Halldóru Halldórsdóttur í starfið í samræmi við niðurstöðu valnefndar. Esther og Bjarney leggja fram eftirfarandi bókun: Við teljum að báðir umsækjendur séu jafn hæfir í starfið en telja að ráða eigi Freyju sem leikskólastjóra. Við teljum að Freyja hafi meiri menntun í stjórnun en Halldóra og einnig er Freyja starfandi núna sem deildarstjóri í leikskólanum og hefur verið aðstoðarleikskólastjóri. Þar sem Halldóra fer í leyfi sem leikskólastjóri í janúar 2013 og segir upp starfi í september 2013 teljum við Freyju hafa forskot í starfið og niðurstaða okkar er í samræmi við bókun meirihluta skólanefndar.

2. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2013: Seinni umræða.

Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2013 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 33,4 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 37,1 millj. Nettófjárfesting var 23,5 millj. Veltufé frá rekstri 71,9 millj. Heildar eignir 989,7 millj., heildarskuldir 595,7 millj. og eigið fé 393,9 millj. Skuldahlutfall er 79% og hefur lækkað úr 87% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.

3. Lántaka hjá Lánasjóði Sveitarfélaga ohf.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 75.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna stækkun íþróttahúss, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“

4. Kvenfélag Hrunamannahrepps: Áskorun.

Oddviti kynnti áskorun frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps þar sem kallað er eftir stefnumörkun um uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis og lýsa sig tilbúna að taka þátt í slíkri uppbyggingu. Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur Kvenfélagsins um skort á hjúkrunarrýmum á Suðurlandi en bendir á að þessi málaflökkur sé þó enn á hendi ríkisins. Sveitarstjórn mun hins vegar leggja sitt á vogarskálarnar til að reyna að fjölga hjúkrunarrýmum í samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurlandi.

5. Umhverfisstofnun: Áætlun til þriggja ára um refaveiðar.

Oddviti kynnti drög að áætlun um refaveiðar til þriggja ára. Sveitarstjórn fagnar því að vilji sé til þess að fjármagn komi til að halda ref í skefjum á Íslandi. Hins vegar virðist ferlið flókið við fyrstu sýn. Það að ákveðin rannsóknarverkefni vegna áhrifa refsins á lífríkið séu færð á sveitarfélögin þýðir aukna vinnu refaveiðimanna sem aftur þýðir að áætlað fjármagn til verkefnisins fer í sjálft sig. Vandséð er að ásættanlegur árangur náist í málaflöknum án meiri fjárveitinga af hálfu ríkisins.

6. Umhverfisstofnun: Áætlunarform sveitarfélaga vegna refaveiða.

Oddviti kynnti erindi frá Umhverfisstofnun um áætlunarform sveitarfélaga vegna refaveiða sem er grundvöllur þess að samningur verði gerður við sveitarfélögin um refaveiðar. Sveitarstjórn telur m.a. í ljósi þess sem hefur verið rakið í máli nr. 5 hér að ofan, að framkvæmdin leiði til aukinnar vinnu refaveiðimanna og þar með aukins kostnaðar sveitarfélagsins. Þá er nánast útilokað að meta tjón vegna refs svo vitrænt sé. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við refaveiðimenn sveitarfélagsins um framkvæmd slíkrar áætlunar.

7. Unglingadeildin Vindur: Landshlutamót unglíngadeilda.

Unglingadeildin Vindur stendur fyrir Landshlutamóti unglíngadeilda slysavarnarfélaga Landsbjargar að Álfaskeiði 27.–29. júní n.k. og óskar unglíngadeildin eftir því hvort hægt sé að veita þátttakendum mótsins frítt í sundlaugina á Flúðum meðan á mótinu stendur. Sveitarstjórn samþykkir að veita þátttakendum mótsins frítt í sund í sundlaugina á Flúðum á meðan mótinu stendur. Halldóra vísar sæti við afgreiðslu málsins.

8. Samband íslenskra sveitarfélaga: Framtíðarfyrirkomulag alþjónustu um tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Oddviti kynnti gögn sem bást frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna kynningarfundar fyrir sveitarfélög um fjarskiptamál. Þar var fjallað um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu vegna tengingar við almenna fjarskiptanetið. Sveitarstjórn fagnar því að þessi mál eru komin á rexpöl og ítrekar að það séu sjálfsgöð réttindi allra landsmanna að standa jafnfætis hvað varðar netsamskipti. Það sé fyrst og fremst ríkisvaldins að sjá um að slík vinna fari fram og ríkið komi að þeirri uppbyggingu.

9. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016. Sveitarstjórn leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að klára að leggja bundið slitlag á Langholtsveg og einnig á Hrunaveg upp að Hruna vegna mikillar aukningar á umferð á þessum vegum. Jafnframt þarf að leggja mikla áherslu á eðlilegt viðhald malarvega í sveitarfélaginu sem eru mjög bágbornir og hafa valdið skemmdum á ökutækjum. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að koma þessum áhersluatriðum til Vegagerðarinnar.

10. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um örnefni.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um örnefni.

11. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um eflingu tónlistarnáms (nám óháð búsetu).

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um eflingu tónlistarnáms.

12. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um ríkisendurskoðanda og ríkisendurskoðun.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um um frumvarp til laga um ríkisendurskoðanda og ríkisendurskoðun.

13. Ársskýrsla Bókasafns Hrunamanna 2013.

Oddviti kynnti ársskýrslu bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 1.100 og lánaðar voru út rúmar 2.648 bækur yfir árið. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 562 bækur. Sveitarstjórn þakkar forstöðumanni bókasafnsins fyrir góða skýrslu.

14. SASS: Hjólreiðamennska á Suðurlandi.

Oddviti kynnti erindi frá SASS um hvort sveitarfélagið vildi vera þátttakandi í verkefninu „hjólreiðamennska á Suðurlandi“ og í því sambandi upplýsa um skráðar hjólaleiðir í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir að verða þátttakandi í verkefninu og felur sveitarstjóra og Unnsteini Eggertssyni að vinna við kortlagningu hjólaleiða í sveitarfélaginu.

15. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni vegna veitingaleyfis í Golfskálanum Snússu.

Oddviti kynnti umsókn um veitingarleyfi fyrir Golfskálann Snússu í Ásatúni og beiðni Sýslumannsins á Selfossi um umsögn vegna leyfisveitingarinnar. Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um og felur sveitarstjóra að svara erindinu.

16. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni vegna rekstur gististaðar í Móum 1, Ásatúni.

Oddviti kynnti umsókn um rekstur gististaðar í flokki II í sumarhúsi að Móum 1 í Ásatúni og beiðni Sýslumannsins á Selfossi um umsögn vegna leyfisveitingarinnar. Sveitarstjórn samþykkir erindið og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um og felur sveitarstjóra að svara erindinu.

17. Skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga.

Oddviti kynnti fór yfir vinnu vegna skoðanakönnunar um sameiningarkosti sveitarfélaga samhliða sveitarstjórnarkosningum þann 31. maí nk. Oddviti sagði frá umræðum með forystumönnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps um val á spurningum í fyrirhugaðri skoðanakönnun um hugsanlega sameiningu sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða að eftirfarandi spurningar verði lagðar fram í könnuninni.

- Vilt þú að Hrunamannahreppur sameinist öðru sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Já eða nei.
- Ef já, hvaða sameiningarkost telur þú vænlegastan ?
- Sameining Uppsveita Árnessýslu. (Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur)
- Sameining Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps í eitt sveitarfélag.
- Sameining Árnesþings. (Uppsveitir Árnessýslu, Flóahreppur, Hveragerði og Sveitarfélagið Ölfus)
- Sameining allra sveitarfélaga í Árnessýslu.
- Sameining allra sveitarfélaga á Suðurlandi. (Sveitarfélög í Árnes, Rangárvalla, Vestur- og Austur Skaftafellssýslur og Vestmannaeyjar)

Sveitarstjórn samþykkir einnig að gefinn verði kostur á að taka þátt í skoðunarkönnuninni utan kjörstaðar á skrifstofu Hrunamannahrepps á skrifstofutíma frá og með 19. maí og fram að kosningum.

18. Sveitarstjórnarkosningar: Kjörstaður.

Oddviti fór yfir mál sem snerta sveitarstjórnarkosningar þann 31. maí nk. Kjörstaður verður í Félagsheimilinu á Flúðum og þegar kjörstað lokar kl. 22:00 verður almenn kosningavaka haldin í Félagsheimilinu.

19. Íbúafundur.

Sveitarstjórn ákveður að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 20. maí nk. kl. 20:00 til að kynna niðurstöðu ársreiknings 2013. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði. Þá verður stefnt að því að í kjölfarið verði haldinn kynningarfundur þeirra lista sem munu bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum þann 31. maí auk almennra umræðna.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Umhverfisnefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar frá 23. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar nefndarinnar. Þar var skipulagður rusladagur 2014 og farið yfir vinnu vegna umhverfisverðlauna 2014. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

21. Skólanefnd: Fundargerð 25. fundar vegna Undralands frá 29. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 25. fundar nefndarinnar vegna leikskóla. Þar var farið yfir ráðningu leikskólastjóra.

22. Skólanefnd: Fundargerð 28. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 28. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólustjóra, skóladagatal fyrir næsta skólaár kynnt og farið yfir árshátíð skólans. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og hrósar Flúðaskóla sérstaklega fyrir frábæra árshátíð.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.:

23. Fundargerð samráðshóps Matarsmiðjunnar frá 11. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar samráðshóps Matarsmiðjunnar. Þar var farið yfir þau verkefni sem valin voru til þátttöku á Bio-Economy, námskeiðahald rætt, kynnt hugtakið street food og möguleika á að kynna það hér á svæðinu.

24. Fundargerð 71. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 30. apríl s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. mars til 29. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 71. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 30. apríl s.l. ásamt afgreiðslum byggingafulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. mars til 29. apríl s.l.

Mál nr. 13: Ásgarður Kerlingafjöllum. Deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar um að gera ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á reitum B og C en ekki er fallist á breytingu á reit K. Þar sem tillagan fellur undir ákvæði laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 felur sveitarstjórn skipulagsfulltrúa að leita samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Að því loknu skal breytingartillagan ásamt umhverfisskýrslu lögð fyrir skipulagsnefnd að nýju.

Önnur mál:

25. Evrópsk kvikmyndahátíð á Flúðum.

Oddviti kynnti beiðni um samstarfsverkefni milli Evrópustofu og Bíó Paradísar með stuðningi frá Kvikmyndamiðstöð Íslands um Evrópska kvikmyndahátíð sem á að fara hringinn í kringum landið í byrjun júní. Sveitarstjórn samþykkir að leggja til Félagsheimilið án endurgjalds þann 10. júní n.k. vegna hátíðarinnar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 478. fundar stjórnar frá 24. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 6. fundar fagraðs frá 8. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Almannavarnir Árnassýslu: Fundargerð 8. fundar fagraðs frá 8. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

- d. **Fundargerð vorfundar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 2. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Héraðsnefnd Árnesinga b.s: Fundargerð vorfundar 11. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Átak til nauðsynlegra framkvæmda á ferðamannastöðum.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Veiðimálstofnun: Lífríkisrannsókn í Stóru-Laxá.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Héraðssambandið Skarphéðinn: Samþykktir héraðsþings.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Uppgjör og áætlun.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Ungmennafélag Hrunamanna: Ársreikningur 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Minjastofnun Íslands: Deiliskipulag miðsvæðis.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Kerlingarfjallavinir.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Hrunamannahreppur og landeigendur að Jaðri I.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Hrunaréttir.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Skipulagsstofnun: Skráning skipulagsfulltrúa 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Garðyrkufélag Íslands: Ályktun aðalfundar.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Minjastofnun Íslands: Friðlýsing sumarhúss Einars Jónssonar að Galtafelli.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Ungt fólk og lýðræði: Ályktun ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Innanríkisráðuneytið: Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- t. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 815. fundar stjórnar frá 10. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- u. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 16. stjórnarfundar frá 28.mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- v. **Orlof húsmæðra: Yfirlit.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan

- w. **Ársfundur Umhverfisstofnunar, Grand Hótel 9. maí n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- x. **Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., Reykjavík 13 maí n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- y. **Aðalfundur Reiðhallarinnar á Flúðum ehf, Flúðum, 22. maí n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- z. **Rarik. Ársskýrsla 2013.**
- aa. **Héraðssambandið Skarphéðinn. Ársskýrsla 2013.**
- bb. **Límtré Vírnet ehf. Ársreikningur 2013.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.05.